

10. apríl 2018

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	11/4 2018
Málsnr:	18042941
Bréfsl:	752

B.t. bæjarráðs Hafnarfjarðar

Bréf frá stjórn Kaldársels til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Efni bréfs:

1. Samstarf um uppsetningu á leiktækjum á lóð Kaldársels
2. Fyrirspurn um áform á framkvæmdum á Kaldárselsvegi

Samstarf um uppsetningu á leiktækjum á lóð Kaldársels

Fyrir nokkru vorum við í sumarbúðum KFUM og KFUK látin taka niður öll leiktæki í Kaldárseli að beiðni Heilbrigðiseftirlitsins vegna þess að þau voru orðin léleg og úr sér gengin. Þessi leiktæki voru aparóla, rólur og klifurgrind ásamt tveimur fótboltamörkum. Við í Kaldárseli höfum því verið að mestu leiktækjalaus síðan þá enda kostnaðarsamt og mikil vinna sem felst í því að setja upp leiktæki.

Það var raun okkar að gangandi vegfarendur sem fóru framhjá Kaldárseli eða voru á göngu á útvistasvæðinu í kringum Kaldársel stöldruðu oft við í leiktækjunum okkar og léku sér. Það eitt og sér var í góðu lagi en því miður olli þessi aukna notkun því að tækin skemmdust hraðar en við hefðum óskað. Okkur langar því til að athuga hvort Hafnarfjarðarbær væri til í að koma að einhverju leyti til móts við okkur í Kaldárseli við kaup á leiktækjum og jafnvel veitt aðstoð við að setja þau upp. Er það eitthvað sem væri mögulegt að skoða?

Fyrirspurn um áform á framkvæmdum á Kaldárselsvegi

Í nokkur ár hefur verið í vinnu deiliskipulag um svæðið í kringum Kaldársel. Nú nýlega var deiliskipulag kynnt fyrir svæðið og kom þar fram að færa ætti bílastæðið fyrir gönguleiðir í kringum Kaldársel, m.a. Helgafell, sem nú er alveg við vatnsbólið, töluvert ofar í hraunið. Við í Kaldárseli fögnum mjög þessum áætlunum. Bílaumferð, sem og önnur óæskileg umferð í kringum húsin í Kaldárseli, hefur valdið okkur töluverðum áhyggjum. Mikil starfsemi er í húsunum um allar helgar þar sem Vinasetrið starfrækir stuðningsheimili fyrir börn ásamt því að sumarbúðir KFUM og KFUK eru þarna yfir sumarmánuðina. Töluverð hætta getur því skapast með mikilli bílaumferð ásamt því að upp á síðkastið hafa óprúttir aðilar gert sér ferðir upp í Kaldársel og unnið þar skemmdarverk nokkrum sinnum. Teljum við að með því að færa bílastæðið ofar, eins og kynnt deiliskipulag gerir ráð fyrir, muni Kaldársel einangrast meira og þannig munu líkurnar minnka töluvert á að skemmdarverk verði unnin á húsunum ásamt að

slysahætta mun minnka töluvert frá bílaumferð. Langar okkur því til að spyrjast fyrir hvort áætlað sé að fara í þessar framkvæmdir á næstunni?

Kaldársel og Hafnarfjarðarbær hafa átt í góðu samstarfi um árabil. Stjórn Kaldársels vill nota tækifærið hér og þakka fyrir það góða samstarf. Er það von okkar að það muni eflast og styrkast á næstu árum.

Með von um jákvæð svör.

F.h. stjórnar Kaldársels.

Arnór Heiðarsson, kaldarsel@kfum.is

Arnór Heiðarsson